



KYNNINGARFUNDUR VEGNA FYRIRHUGAÐRA FRAMKVÆMDA VIÐ NESVEG 22A

Bæjarstjórn samþykkti á 2. fundi sínum afgreiðslu skipulagsnefndar um að grenndarkynna byggingaráform Asco Harvester ehf. við Nesveg 22A fyrir lóðarhöfum við Nesveg 20, 20a og 24. Einnig var samþykkt að halda kynningarfund fyrir íbúa í næsta nágrenni.

**Kynningarfundur vegna fyrirhugaðra framkvæmda verður haldinn á
Amtsbókasafninu í Stykkishólmi nk. miðvikudag, 10. ágúst kl. 17:00-18:00.**

Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi, stýrir fundinum. Auk hennar taka forsvarsmenn Asco Harvester til máls og gera grein fyrir áformum sínum. Tekið verður við fyrirspurnum í lok fundar en einnig er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir og skulu þær berast á netfangið skipulag@stykkisholmur.is eigi síðar en á hádegi föstudaginn 12. ágúst nk.

Áhugasamir eru hvattir til að mæta á fundinn.

ÁFORM ASCO HARVESTER

Asco Harvester ehf. hyggst byggja 958,9m² atvinnuhúsnæði að Nesvegi 22A, þar sem áður stóð steypustöð. Um er að ræða hús á þremur hæðum með milliloftum yfir hluta hússins. Lóðin er 3700 m², grunnflötur hússins er 828,2 m² og hæð þess 10 m. Fyrirtækið hélt opinn kynningarfund 28. apríl sl. og var auglýsingu dreift í öll hús í Stykkishólmi.

Hægt er að kynna sér fyrirtækið og framtíðarsýn þess á vefsíðunni ascoharvester.is